



# 1

## Upplýsingar og hönnunargögn, sem fylgja skulu umsókn um umsögn, sbr. kröfu í byggingarreglugerð, um einingahús og húseiningar

- **Umsóknareyðublað** fyrir umsögn er að finna hér á vefnum (Vottun byggingarvöru) og skal það fyllt út og því annað hvort skilað rafrænt eða það afritað og prentað og láta fylgja öðrum umsóknargögnum.
- Hönnuðir skulu hafa þau réttindi sem hérlendum byggingarnefndum sveitarfélaga er skylt að krefjast af höfundum hönnunargagna.
- Gögn skulu vera í A4-stærð sem hefti í kápu eða í gatamöppu og skal umsókn vera fremst og þar næst efnisyfirlit, **sbr. dæmi á næstu síðu**; teikningar skulu vera samanbrotnar í A4-stærð í gatamöppu.

Hönnunargögn skulu uppfylla allar kröfur byggingarreglugerðar (BR), nr. 441/1998, en þær sem lúta að teikningum og hönnuði mannvirkja er m. a. að finna í 15., 16., 17., 18., 19., 20., 23. og 25. gr. Ekki er þó krafist allra þeirra gagna sem talin eru upp í þessum greinum, en eftirfarandi eru helstu atriði sem koma skulu fram:

- 1. Aðalteikningar** ásamt byggingarlýsingu, sbr. 5. mgr. 18. gr. BR. Að auki skulu að lágmarki fylgja teikningar er sýna:
  - 1.1 Þakhalla, efni þakklæðningar, frágang þaks og loftun.
  - 1.2 Deili er sýni efni og frágang: (a) þar sem sökklar og útveggir mætast; (b) þar sem þak og útveggir mætast; (c) í mæni hússins; og (d) við ísetningu glugga, hurða og glerjun.
  - 1.3 Önnur deili og sérteikningar, ef ofangreint gefur ekki fullnægjandi upplýsingar um efnisnotkun, efnismeðferð og uppbyggingu, s. s. frekari snið í vegg, þak og eða aðra byggingarhluta. Þau snið sem þarf til að byggja eftir skulu koma fram.
- 2. Burðarþolsgögn:**
  - 2.1 Allar teikningar er snerta burðarvirki og stífleika, ásamt öllum festingum og samsetningum, þ. m. t. festingar glugga, hurða, klæðninga og eininga, eftir því sem stærð, gerð og eðli byggingar eða byggingarhluta gefur tilefni til.
  - 2.2 Allir útreikningar fyrir burðarvirki, samsetningar og festingar, þ. m. t. fyrir svignun og hliðarfærslur. Sérstaklega er mikilvægt að útreikningar sýni að ákvæði 128. gr. BR séu uppfyllt gagnvart öllum byggingarhlutum, sbr. töflur 128 A og B í BR.
  - 2.3 Í sérstakri greinargerð ber að lýsa á íslensku öllum útreikningum, forsendum og niðurstöðum þeirra, s. s. formbreytingum, álagi og álagsfléttum, þeim reikniaðferðum sem beitt er og hvar í gögnum má finna sundurliðun útreikninganna. Í greinargerðinni þarf jafnframt að vera yfirlýsing hönnuðar um að hann ábyrgist útreikningana að fullu. Viðvíkjandi innfluttum húsnum og einingum er sérstök athygli vakin á 3. gr. BR, einkanlega mgr. 3.1 til 3.4, sem fjalla um notkun staðla og ákvæða úr ýmsum stöðlum.
- 3. Annað til athugunar:**
  - 3.1 Á teikningum skal koma fram öll einangrun, gerð hennar og þykkt, ásamt því sem henni tengist, s. s. rakavarnarlag, vindvarnarlag og loftun, ef slíkt kemur ekki fram á þeim deilum sem tiltekin eru í lið 1 hér að framan. Með útreikningi skal sýna að ákvæði 180. gr. BR um varmaeinangrun, þ. e. U-gildi, séu að fullu virt.
  - 3.2 Með teikningum skal gera fullnægjandi grein fyrir samsetningu og frágangi eininga, eftir því sem gerð þeirra gefur tilefni til.
  - 3.3 Í hönnunargögnunum skal vera fullnægjandi lýsing á öllum eiginleikum efna og efnisgæðum, sem lúta að öryggi og endingu mannvirkisins.



## Efnisyfirlit fyrir greinargerð með hönnunargögnum einingahúsa og húseininga með umsókn um umsögn

### DÆMI

1. Inngangur
  - Umsækjandi
  - Staðsetning byggingar
  - Hönnuðir
    - i. Aðalhönnuður
    - ii. Burðarþolshönnuður
  - Framleiðandi
  - Annað
2. Almenn lýsing á viðfangsefninu
  - Notkun og gerð byggingar
  - Annað
3. Hönnunarforsendur
  - Reglugerðarkröfur
    - i. Formbreytingar (A, B eða C)
    - ii. Einangrun (fullhitað, 10 – 18 °C, óhitað)
  - Staðlar
  - Álagsgildi
    - i. Vindur / álagssvæði / formfaktorar
    - ii. Jarðskjálftasvæði
    - iii. Snjóálagssvæði
    - iv. Notálag
  - Efni
    - i. Eiginleikar
    - ii. Staðfesting á eiginleikum
      1. Vottanir
      2. Prófanir
      3. CE-merking, ef við á

Í liðum 4 – 10 þarf að gera grein fyrir helstu forsendum og niðurstöðum og jafnframt þarf að koma fram hvar í útreikningum er að finna upplýsingarnar.

4. Hönnun byggingarluta
  - Þak
    - i. Sperrur
    - ii. Þakásar
    - iii. Burðarplötur / þakeiningar
  - Veggir
    - i. Súlur
    - ii. Langbönd
    - iii. Veggeiningar
  - Rammar
  - Annað
5. Afstífling byggingarinnar
6. Festingar, sem koma ekki fram í lið 4
7. Formbreytingar – yfirlit
  - Tafla sem sýnir formbreytingar einstakra byggingarluta vegna mismunandi álagstilfella með samanburði við reglugerðarkröfur
  - Hliðarfærsla byggingar og samanburður við reglugerðarkröfur
  - Annað
8. Gluggar og hurðir
  - Vottorð og prófanir
  - Útreikningur á formbreytingum
9. Kólnunartölur
  - Útreikningur fyrir einstaka byggingarluta
  - Útreikningur á heildarvarmatapi
  - Samanburður við kröfur
10. Upplýsingar um byggingartæknileg atriði, eftir eðli byggingar
11. Teikningaskrá